

Vesturlandsumdæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1961.

Daníel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1961

Girðingar:

Lítið var girt í sumar. Hjarðarholtsreitur í Laxárdal í Dalasýslu var girtur með vírneti, gaddavír, járnstaurum og nokkru af timburstaurum. Vönduð girðing 600 m. að lengd og er reiturinn um 2.2 ha. að flatarmáli. Mestur hluti af landinu er vaxið birkiskógi, allþéttum en nokkru af greni hefur verið plantað líka.

Þá var allmikill viðhald á nokkrum girðingum. Aðkallandi þörf er að endurnýja allt að 1 km. kafla úr Jafnaskarðs-girðingu.

Mikið ófremdarástand ríkir um Jörfagirðingu á Snæfellsnesi og verður að fá úr því skorið fyrir næsta vor hvað gera á í því máli.

Græðireitur:

Úr græðireitnum í Norðtunguskógi voru afgreiddar plöntur til gróðursetningar í skóglendi:

Sitkagreni	6000
Brodd og blágreni	12912
Rauðgreni	9000
Skógarfura	<u>12500</u>
Samtals	40412 plöntur

Að þessu sinni var engu plantað í reitinn, en reiturinn hirtur og áburður borinn að öllum plöntum. Einnig voru herfuð öll beð sem plöntur voru teknar úr í sumar. Sú ráðstöfun að hætta að dreifplanta í reitinn á þessu ári er mjög bagaleg fyrir framtíð hans. Úr reitnum koma næsta vor (1962):

Rauðgreni 3/2 N Helgeland	80.000	(² / ₂ / ₃ og ³ / ₃)
Blágreni 3/2 Colorado	<u>20.000</u>	
Samtals	100.000	

Auk þess eru til staðar um 60 þúsund rauðgreni í síðsumarplöntun ef með þarf. Vöxtur var mjög góður í reitnum í sumar. Haustumbúnaður var langt kominn 15. sept., en eftir þann tíma vann ég einn í reitnum og lagfærði umbúnað eftir þörfum.

Gróðursetning:

Að þessu sinni var gróðursett í Arnbjargarlækjargirðingu:

Vorgróðursetning:

Sitkabastarður 2/3 L awing, Hallormsst.	9.000
Brodd og blágreni 3/3 Sapinero Hallormsst.	8.000
Rauðgreni 2/3 N Helgeland, Hallormsst.	6.000
Skógarfura 4/0 Tromsstr. Tumast.	4.200
Skógarfura 2/2 - Norðt.	275
Skógarfura 2/2 (50-100-57) Vögl. <i>Tr. hl.</i>	8.500
Gráfura 2/4 Sapinero -	<u>600</u>
Vorgróðursetning alls:	36.575

Haustgróðursetning:

Rauðgreni 2/2 N-Helgeland Norðt.	2.000
Brodd og blágreni 2/2 (sáðpl. frá Tumast.)	<u>12.912</u>
Haustgróðursetn. alls:	14.912

Alls gróðursett í Arnbjargarlækjargirðingu 51.487 plöntur.

Skógar í Þorskafirði:

Þar var gróðursett:

Sitkabastarður 2/2 L awing, Hallormsst.	2.000
Brodd og blágreni Sapinero Hallormsst.	600
<i>Skógarfura</i> Sapinero Hallormsst.	<u>100</u>
Alls:	2.700

Við Norðtungureit:

Sitkagreni 2/3 Cord. Tumast.	1.000
Rauðgreni 3/2 N-Helgeland Norðt.	<u>200</u>
	1.200

Áburðargjöf var framkvæmd í Jafnaskarösskógi, á var borð Noregs-saltpétur, þrífosfat og kali einnig nokkuð af kjarna. Var þessi áburðargjöf framkvæmd á nokkru svæði. Reynt var að reita frá plöntunum og áburðurinn látinn að rótum. Þá var einnig framkvæmd áburðargjöf að plöntum umhverfis græðireitinn í Norðtunguskógi, en þar jókst grasvöxtur um of, og varð að eyða nokkrum tíma til að fjarlægja gras frá litlum plöntum er leið á sumarið.

Grisjun:

Grisja þurfti í Arnbjargarlækjargirðingu fyrir gróðursetningunni þar. Ennfremur var allverulegt svæði grisjað í Jafnaskarösskógi þar sem búið var að gróðursetja og má nú bæta nokkru af plöntum á stöku stað á

þeim stöðum. Þá var aðeins byrjað á grisjun í Hvammsgirðingu.

Um mörg ár - allt frá því að ég hóf gróðursetningarstarf fyrir Skógrækt ríkisins - hefur grisjun verið alltof lítil og oft engin, sökum þess að ekki var fé fyrir hendi til að framkvæma grisjunina. Um þetta hef ég oft kvartað og bent á að mikil vinna væri fólgin í grisjuninni ef hún ætti að vera framkvæmd eins og nauðsynlegt væri. Aheyra hefur ekki fengist í þessum málum fyrr en nú, og er betra seint en aldrei þó af þessu hafi hlotið erfiðleikar áður, fyrir þá sem vinna verkin og jafnvel valdið misskilningi hjá þeim sem ekki þekkja hve lítið fé hefur verið til framkvæmda í skógrækt á Vesturlandi.

Skortur á góðum tækjum til grisjunar er tilfinnanlegur og veldur tjóni í vinnuafköstum.

Laufgun - fræfall - vöxtur - tíðarfarar:

Skógur lauffgaðist frá 10. til 15. maí, en lauffall varð í lok september. Birkifræ sást ekki á þessum slóðum í sumar.

Vöxtur á barrplöntum allgóður. Í Jafnaskarðsskógi mældist vöxtur á 10 ára sitkagreniplöntum allt upp í 50 - 60 cm. og á jafngömlu rauðgreni 40 - 50 cm.

Tíð var mild og góð allt frá áramótum. Voraði snemma og sást grænn litur á tünnum með byrjun maí. 23. maí gerði hríðarveður um uppsveitir Borgarfjarðar með miklu frosti er hélzt í 4 daga var þetta mjög slæmt vegna plantna er komnar voru um langan veg. Eftir þetta hret var sumarið áfallalaust og úrkoma öðru hvoru og hausttíð mild og góð. Vetur snjóléttur til áramóta, en oft hörð frost, allt upp í 23 st. á C.

Dagleg störf - ferðalög - ýmislegt:

Sumarið er erilsamt og mörgu að sinna fyrir skógræktarmálin, sem betur fer. Frá maíbyrjun til ágústloka vann Hilmar Björnsson hjá mér og er hann farinn að venjast skógræktarvinnu, en hættir nú þeim störfum og fer í smíðanáám.

Oft verð ég að hafa afskifti af mörgum málum er skógrækt snarta, samtímis á mörgum stöðum. Skal hér drepið á örfá.

Snorragarður í Reykholti þurfti sérstaka umhirðu vegna komu Ólafs konungs, og hafði ég afskifti af þeim málum. Ég kenndi skólapiltum á Hvanneyri gróðursetningu og fór með þeim í skóglendi. Ég annaðist kennslu í gróðursetningu við barnaskólann að Varmalandi og húsmæðra-skólann að Varmalandi, við samvinnuskólann að Bifröst. Ég annaðist öll framkvæmdastörf Skógræktarfélag. Borgarfj. og skógrækt Kaupfélags Borgfirðinga. Margskonar fyrirgreiðslu hef ég auk þess innt af

höndum fyrir félög og einstaklinga, sýnt kvikmyndir, talað á mörgum skógræktarsamkomum o.fl. Af framanskráðu má það vera hverjum ljóst að ég þarf oft að ferðast, og á ég um það tvennt að velja - að neita einstaklingum, félögum og skólum um aðstoð - eða ferðast til þeirra og veita þá þjónustu sem mér er auðið í sambandi við skógræktarmálin.

Ég var 220 daga fjarverandi í þágu skógræktarinnar. Helztu ferðalög voru: 28. febr. til 5. marz var ég á skógarvarðafundi í Reykjav., 9. til 11. maí fór ég að Tumastöðum ásamt Baldri Þorsteinssyni til að kynnst græðireitnum þar. 26. og 27. júní fór ég með plöntur og menn í Skógagirðingu við Þorskafjörð og gróðursetti þar. 14. og 15. ág. fór ég vestur að Laugabóli við Ísafjarðardjúp með plöntur. 17. til 22. ág. var ég á skógræktarfélags og skógavarðafundi að Hallormsstað. Auk þessa fór ég eina ferð á Snæfellsnes og þrjár ferðir í Dalasýslu og ferðir um Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Skógræktin átti hér "bíltrukk" M-288 er notaður var við flutninga á verkafólki, plöntum, malarflutning o.fl. Nú hefur Skógræktin í Reykjavík tekið bílinn í sína umsjá og er þá ekkert farartæki í eigu skógræktarinnar hér.

Lokaorð:

Margir gestir komu í græðireitinn í Norðtunguskógi í sumar, og eflaust vekur það margan til umhugsunar um skógræktarmál að kynnst uppeldi tjáplantna. Skógræktarstjóri kom einu sinni snemma vors. Þá komu tveir þekktir skógræktarmenn frá Alaska, ásamt Einari Sæmundsen, Baldri Þorsteinssyni og Hauki Ragnarssyni.

Steindór Steindórsson náttúrufræðingur rannsakaði gróður í Jafna-skarösskógi ásamt Hauki Ragnarssyni. Þá kom Baldur Þorsteinsson til að athuga græðireitinn.

Að endinug þakka ég öllum er koma á þessar slóðir, og sem með velvild og skilningi dæma um þau verk sem hér eru unnin.

Skógarvörðurinn
á Vesturlandi